

10

AUGLÝSING

22. febr.

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Félagsmálaráðuneytið hefur í dag, samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921, staðfest byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1947 að öðru leyti en því, að kjörtímabil byggingarnefndarmanna í 1. mgr. 2. gr, samþykktar þessarar er fjögur ár.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

11

GJALDSKRÁ

23. febr.

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 24.45 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 12.22 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 40.75.

2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 146.69 á hvern m² gólfplatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 20.37 á m² á mánuði, en kr. 203,73 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	leiga á sólarhring	leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 40.75	kr. 407.47
12—15 —	— 101.87	— 814.94
15—18 —	— 162.99	— 1222.41
18—21 —	— 224.11	— 1629.88
21—24 —	— 285.23	— 2037.35
24—27 —	— 325.98	— 2444.82
27—30 —	— 366.72	— 2852.20
Yfir 30 —	— 407.47	— 4074.70

3. Staðis- og fastagjöld:

Staðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd staðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar

leiga á sólarhring

Undir 12 m	kr. 40.75
12—18 —	— 81.49
18—24 —	— 122.24
24—30 —	— 162.99
Yfir 30 —	— 132.20

11

23. febr.

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

4. Gjald af flugvélabenzíni:

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum eða frá honum skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.367
Á hvert U. S. gallon	— 1.385

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvælli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 26. september 1958.

Utanríkisráðuneytið, 23. febrúar 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

S A M Þ Y K K T

12

25. febr.

um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Sléttuhreppi:

1. Sæbólsvegur frá Sæbóli um Þverdal á Aðalvíkurveg í Hesteyrarskarði.

Í Grunnavíkurhreppi:

2. Nesvegur frá Jökulfjarðavegi hjá Sætúni að Nesi.

Í Snæfjallahreppi:

3. Snæfjallavegur frá Sandeyri að Snæfjöllum.
4. Bryggjuvegur frá Bæjabryggju á Snæfjallastrandarveg.